

## Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

**Staður:** Teams

**Dagsetning:** 12. maí 2021

**Tími:** 12:00 til 13:30

**Mættar** voru stjórnarkonurnar:

Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), , Ragnheiður Aradóttir (RA), Raket Lind Hauksdóttir (RLH), Unnur Elva Arnadóttir (UEA) og Vigdís Jóhannsdóttir (VJ). Þá var framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR) viðstödd fundinn. Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN) boðaði forföll.

**Dagskrá** fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Aðalfundur.
4. Ársskýrsla/blaðið.
5. Uppgjör HRÁ formanns
6. Áherslur við stjórnarskipti.
7. Heimasíðan staðan.
8. Önnur mál
  - a) Þátttaka í norrænum samstarfsvettvangi..
  - b) Félagsgjöldin 2021-2022.
  - c) Keflið fyrir næstu stjórn.

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum ÁG.

### 1. Dagskrá stjórnarfundar

HRÁ fór yfir dagskrá fundarins.

### 2. Skýrsla framkvæmdastjóra

AR fjallaði um að hátt í 30 konur væru búnar að skrá sig í nefndir, fimm hafi formlega boðið sig fram til setu í stjórn félagsins og tvær hefðu tilkynnt um framboð sitt til formanns.

AR fjallaði um að FKA blaðið hefði verið sent á konur rafrænt auk þess sem hægt væri að kaupa það á netinu. Þá fjallaði AR um að aðalfundurinn færi fram í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni og að fundurinn yrði rafrænn. Þá er allt í fullum undirbúningi fyrir fyrirhugað golfmót.

Fundur var nýlega haldinn með VR varðandi framkvæmd samstarfsverkefnis FKA og VR. AR nefndi að á nýju starfsári þyrfti að finna stjórnarkonu til að leiða það verkefni.

AR sagði frá því að vinna Mundakots gengi vel.

Þá sagði AR frá því að auglýsing FKA vegna eins stöðugildis í tengslum við verkefnið „Hefjum störf“ myndi fara í loftið í júlí/ágúst en um væri að ræða 470.000 kr. mánaðarlegt framlag vegna eins stöðugildis.

Undirbúningur FKA hlaðvarps er í höndum RLH.

Að lokum fór AR yfir fjármál félagsins.

### 3. Val á nefndarkonum

HRÁ greindi frá því að 30 umsóknir hefðu borist frá félagskonum um setu í nefndum Allar komast að. Tvær konur færðar til í nefndum í framhaldi af samtali við þær til að tryggja jafnan fjölda í öllum nefndum.

Þá tók stjórn til umræðu hvort ástæða væri til að setja á laggirnar sérstaka Sýnileikanefnd. Stjórn taldi að ekki væru forsendur til að skipa í fasta Sýnileikanefnd að svo stöddu. Stjórn ákvað að rétt væri á nýju starfsári að taka aftur til umræðu skipun Sýnileikanefndar auk þess sem æskilegt væri að taka nefndarskipanir til heildstæðrar endurskoðunar með hliðsjón af áherslum félagsins. Í tengslum við sjálfan Sýnileikadaginn var rætt að brýnt væri að skipa verkefnastjóra yfir deginum.

### 4. Aðalfundur.

Á fundinum ræddi stjórn glærुकynningar fyrir aðalfund félagsins sem HRÁ sendi stjórn tímanlega fyrir fundinn.

Stjórn telur að ástæða sé til að fara varlega í að fella alfarið niður 4. gr. laganna sem er heimild til að víkja félagskonu úr FKA. Tillaga sem starfsnefnd setti fram til vara, sem kveður á um að hægt sé að víkja konum úr trúnaðarstörfum á vegum FKA er til þess fallin að tryggja hagsmunum FKA ef reynir á þetta ákvæði. HRÁ mun upplýsa starfsnefndina um fyrirhugaða tillögu stjórnar um að varatillaga starfsnefndarinnar verði samþykkt.

Aðalfundurinn fer fram rafænt. Ekki eru forsendur til að gera breytingar á því miðað við núgildandi sóttvarnareglur.

### 5. Ársskýrsla/blaðið.

Blaðið var gefið út þann 12. maí. Stjórn þakkaði AR fyrir framúrskarandi störf í tengslum við útgáfuna en hún var í senn skuggaritstjóri, stýrði efnistöfum og tryggði glæsilegt yfirbragð þess.

### 6. Uppgjör HRÁ formanns

HRÁ þakkaði fyrir gott samstarf, traust og heiðarleika innan stjórnar. Hún fjallaði um að draumur hennar um félagslega ánægjulegt samstarf hafi orðið að veruleika í formannstíð hennar. Hún talaði um að þrátt fyrir að fundahöld stjórnar á tímum heimsfaraldurs kórónuveiru hafi einvörðungu farið fram á Teams hafi stjórn engu að síður náð sameiningu í anda og hrein og bein samskipti. Þá þakkaði HRÁ RLH fyrir innkomu sína í stjórn þar sem hún hafi gefið sig alla í stjórnarstarfið þrátt fyrir stutta stjórnarsetu. Þegar litið yrði yfir farinn veg kvaðst HRÁ þakklát fyrir hversu vel hefði tekist með verkefni félagsins og þrátt fyrir Covid-19 hefði félagið náð settum markmiðum. Nefndi hún sérstaklega í því samhengi að innan félagsins ríkti meiri jöfnuður, minni séttaskipting, meiri virðing og að starf og þátttaka landsbyggðarnefnda hefði aukist og eflst. HRÁ taldi mikilvægt að hver og ein stjórnarkona áttaði sig á því

hversu mikilvægt hlutverk þeirra hefði verið, til þess að samstarfið hefði verið svona ánægjulegt.

Stjórn notaði tækifærið og þakkaði formanni fyrir framúrskarandi störf á fordæmalausum tímum. Jafnframt þakkaði stjórn framkvæmdastjóra félagsins fyrir ósérhlífið starf á krefjandi starfsári þar sem henni hafi tekist grettistak í félagsmálum á fordómalausum tímum.

## 7. Áherslur við stjórnarskipti

HRÁ kvaðst óska þess að nýrri stjórn félagsins takist að hafa að leiðarljósi í störfum sínum góð samskipti með áherslu á virðingu og traust og að unnt yrði að leysa mál án átaka. Þá taldi hún mikilvægt að stjórn taki áfram sameiginlega ákvörðun en ekki fáeinar stjórnarkonur. Rétt væri að umræða og ákvarðanir yrðu teknar á fundum en ekki með óformlegum hætti utan funda. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að formaður hefur fyrst og fremst það hlutverk að leiða stjórnina saman til farsælla ákvarðana en getur ekki einn tekið mikilvægar ákvarðanir án stuðnings stjórnar.

## 8. Heimasíðan staðan

Ekki náðist að klára þá umræðu á fundinum. ÁG mun útbúa drög að riftunarbréfi fyrir hönd félagsins og senda AR.

## 9. Önnur mál

### a) Þátttaka í norrænum samstarfsvettvangi

Ekki gafst tími til umræðu um þennan lið á fundinum.

### b) Félagsgjöldin 2021-2022

Stjórn samþykkti að leggja til hækkun á félagsgjöldum en hækkunin tekur að hluta til mið af hækkun launavísitölu. Stjórn mun leggja til að félagsgjöld hækki í kr. 27.000.

### c) Keflið fyrir næstu stjórn

Ekki gafst tími til umræðu um þennan lið á fundinum.

Fleira var ekki gert.

Fundi sliti kl. 13:30. Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.